

Ungmennafélagið Glói

Stofnað 17. apríl 1994

Saga félagsins:

Upphafið

Körfuknattleiksæfingar hófust á Siglufirði haustið 1993 og þær voru einn aðalhvatin að því að félagið var stofnað. Áhugasamir drengir úr eldri bekkjum grunnskólans vildu ólmir hefja æfingar og fundu sér þjálfara. Þessar æfingar undu svo upp á sig og innan nokkurra mánaða voru nokkrir flokkar við æfingar, iðkendur um 60 talsins og tveir þjálfarar höfðu bæst í hópinn. Þegar svo var komið var farið að leggja drög að formlegum félagsskap og kom þá í ljós að áhugi var fyrir iðkun fleiri íþróttagreina og áhugasamt fólk var tilbúið að koma að þjálfun þeirra greina og halda utan um starfið. Umf Glói var stofnað á fjölmönnum stofnfundi þann 17. apríl 1994 og innan þess tvær deildir; körfuknattleiksdeild og frjálsíþróttadeild, ári síðar bættist sunddeild við. Rétt er að taka fram hér að á þessum tíma voru um 340 börn í Grunnskóla Siglufjarðar og aðeins þrjár íþróttagreinar stundaðar á Siglufirði; knattspyrna, skíði og badminton. Deildarskipting var aflögð í félaginu árið 2005 þegar starfsemin hafði einfaldast nokkuð.

Körfubolti

Körfuboltinn var í aðalhlutverki fyrstu árin, meistaraflokkar karla og kvenna og nokkrir yngri flokkar í Íslandsmótum, síðar fækkaði yngri flokkunum og æfingar þeirra lögðust af árið 2005. Konurnar æfðu í 3 - 4 ár en karlarnir kepptu með hléum í 2. deild Íslandsmótsins næstu 12 árin, tóku auk þess þátt í Landsmótum UMFÍ og fleiri mótum. Iðkendur í körfubolta voru vel á annað hundrað þegar mest var. Ýmis baráttumál þurfti að fara í fyrstu árin til að fá viðunandi aðstöðu fyrir þessa nýju íþrótt t.d. að láta setja upp körfur í íþróttahúsi og á skólaláta, fá frítíma í íþróttahúsi o.fl. slíkt.

Frjálsar íþróttir

Æfingar í frjálsum íþróttum og leikjanámskeið fóru í gang sumarið 1995 og íþróttaskóli fyrir yngstu iðkendum um haustið. Frjálsíþróttæfingar voru næstu fimm árin, frá apríl - ágúst hvert ár. Farið var á frjálsíþróttamót utan héraðs þar sem mjög góður árangur náðist og haldin voru innanfélagsmót, iðkendur voru um 20 - 30 á ári þessi fyrstu ár. Leikjanámskeiðin voru vel sótt á sumrin og íþróttaskólinn á veturna, leikjanámskeiðin fengu síðan nafnið Ævintýravíkur og stóð hvert námskeið eina viku. Æfingar í frjálsum hófust aftur 2005 og voru með miklum blóma næstu 10 árin þar sem æft var allt árið um kring og frábær árangur náðist þrátt fyrir aðstöðuleysi. Farið var á fjölmörg mót á hverju ári þar sem keppendur félagsins sópuðu til sín verðlaunum og vöktu verðskuldaða athygli. Íþróttaskólinn og Ævintýravíkur fyrir yngstu iðkendum hafa verið með hléum í gegnum árin, alltaf líkað vel og verið vel sótt.

Sund

Sunddeildin tók til starfa 1995 og iðkendur urðu fljótt um 50 talsins. Æft var yfir vetrartímam og gekk uppbygging vel. Tekið var þátt í fyrstu mótum tveimur árum síðar og náðist frábær árangur á hinum ýmsum mótum næstu árin, m.a. fjöldi verðlauna á Unglingalandsmótum. Einnig hélt sunddeildin mót á Siglufirði og fékk þá góða gesti úr nágrennabæjum og endurvakti Norðurlandsmót í sundi, farið var í æfingaferðir út í Hrísey og í Varmahlíð og ýmislegt fleira skemmtilegt gert. Deildin hélt úti öflugum starfi næstu árin þó iðkendum fækkaði nokkuð, voru gjarnan um 30 talsins, en fjölgaði aftur um aldamótin. En síðan tók að halla undan fæti, iðkendum fækkaði aftur jafnt og þétt og erfitt reyndist að fá þjálfara og fólk til að halda utan um starfsemina þannig að æfingum lauk að mestu árið 2004.

Aðrar íþróttagreinar og hreyfingarátök

Tvær aðrar íþróttagreinar hafa verið á dagskrá hjá félaginu í gegnum árin. Félagið kom af stað æfingum í blaki fyrir börn og ungmenni árið 2002 og voru þær næstu þrjá veturna. Síðan kom nokkurra ára hlé þar til þær fóru aftur af stað árið 2013 og voru blakæfingar á vegum félagsins fyrir börn, ungmenni og eldri byrjendur þar til Blakfélag Fjallabyggðar tók við keflinu árið 2016.

Fimleikar hafa verið áberandi í sögu félagsins í gegnum tíðina enda góður grunnur undir almenna hreyfingu. Meginstefið í íþróttaskólanum okkar er tengt fimleikum og eins hefur verið boðið upp á sérstakar fimleikaæfingar á vegum félagsins, fyrst árin 2003 - 2008 á Siglufirði og síðan árin 2014 - 2018 í Ólafsfirði.

Auk þess að halda úti íþróttæfingum í ýmsum greinum, og námskeiðum fyrir börn, hefur félagið staðið fyrir ýmskonar hreyfingarátökum og viðburðum til að hvetja íbúa til aukinnar almennrar hreyfingar og gera þá meðvitaðri um mikilvægi hennar. Má þar nefna átök eins og Lýðveldishlaupið, Hraust í haust og Vor í vöðvum auk þess sem félagið hefur séð um framkvæmd Kvennahlaupsins á Siglufirði frá árinu 2004 og staðið fyrir fjölda götuhlaupa fyrir börn.

Menningarmál

Menningarmál komust á kortið hjá félaginu upp úr aldamótunum 2000. Á þeim tíma urðu miklar breytingar á atvinnuháttum á Siglufirði sem gerði það að verkum að íbúum fækkaði skart og þar með börnunum. Sú fækkun varð til þess að erfiðara var að halda úti æfingum og var því farið að leita eftir nýjum verkefnum á öðrum sviðum. Ungmennafélög eru í grunninn mannræktarfélag í víðum skilningi og einskorða sig alls ekki við íþróttæfingar. Stofnaður var sérstakur menningarhópur innan félagsins árið 2004 og kom hann með hugmyndir að verkefnum á því sviði. Fyrsta verkefnið var að halda ljóðakvöld og urðu þau nokkur næstu þrjá vetur. Síðan fæddist sú hugmynd að halda ljóðahátíð og var blásið til hennar í fyrsta sinn árið 2007. Fékk hún nafnið Glóð, sem er orðaleikur með nafn félagsins og orðið ljóð. Hátíðin tókst vel og ákveðið var að halda áfram veginn. Hefur hátíðin verið haldin hvert haust síðan en fékk nýtt nafn og nýtt form árið 2014. Hátíðin heitir nú Haustglæður og er samsett af nokkrum viðburðum yfir haustið, en ekki á einni helgi líkt og fyrstu árin. Hver hátíð samanstendur af 10 - 12 viðburðum og börn eru ávallt virkir þátttakendur.

Félagið sá einnig um hátíðarhöld á 17. júní á Siglufirði árin 2006 - 2009, hefur staðið fyrir fræðslufundum um heilsutengd efni, gaf út fréttabréf um árabíl þar sem sagðar voru fréttir af starfsemi og gefin voru góð ráð varðandi heilsu og heilbrigði einnig gaf félagið út glæsilegt afmælisrit í tilefni af 10 ára afmælinu, árið 2004.

Umhverfismál

Félagið hefur einnig látið umhverfismál til sín taka og er þar skógrækt efst á blaði. Félagið er með reit í Skógrækt Siglufjarðar og setti þar niður mikinn fjölda planta árin 2000 - 2003. Hefur verið hlúð að þeim reit síðan og þegar þetta er ritað, árið 2022, er félagið byrjað að útbúa svæði fyrir bekk og borð í þessum reit. Félagið hefur einnig staðið fyrir fjöruhreinsun og hreinsun opinna svæða á Siglufirði í gegnum tíðina.